

2. Almenníngi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar mynjar að óþörfu.
5. Berjatínsla, önnur en til neyslu á staðnum, er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár er óheimil á friðlandinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu 11. júlí 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Runólfur Þórarinnsson.

21. júlí 1977.

Nr. 284.

AUGLÝSING

um breytingu á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. mars 1965.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 26. gr. bætist:

„Ef gangur gegnum hús er ætlaður fyrir umferð sorpbifreiða skal hann ekki lægri en 3.80 m að innanmáli.“

2. gr.

Orðist svo: 2. ml. 2. mgr. 38. gr. orðist svo:

„Óheimilt er að gera sérstaka íbúð í risi timburhúss nema að fengnu leyfi byggingarnefndar og skal frágangur háður samþykki slökkviliðsstjóra.“

3. gr.

Aftan við 45. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

„Ef notað er eldnæmt efni til hitaainangrunar, er skylt að verja það með eldtraustu efni, t. d. 2 cm múrhúðun.“

4. gr.

Í stað „1 m“ í 4. mgr. 54. gr. komi „1.20 m.“

5. gr.

1. mgr. 56. gr. orðist svo:

Heimilt er að gera kvisti á húsum, en það telst ígildi sérstakrar hæðar, ef samanlögð lengd kvists eða kvista er meira en $\frac{2}{3}$ af húshliðinni.

Ef kvistur á sambyggðu húsi verður nær lóðarmörkum en 1.5 m skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til eldvarna vegna aðliggjandi húss. Þegar gerður er kvistur á eldra húsi skal þess gætt, að hann falli vel að því, t. d. hvað þakform, gluggasetningu og efni snertir.

6. gr.

Orðist svo: Aftan við 1. ml. 66. gr. bætist orðin: „Svo og arin.“

7. gr.

Aftan við 70. gr. komi nýjar mgr., sem verða 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Ef hús er þrjár hæðir eða meira, skal í stigahúsi gera sérstakar ráðstafanir til reyklosunar, nema opnanlegir gluggar séu á stigahúsinu. Skulu þær vera í því fölgningar, að efst í stigahúsi sé haft op og þannig frá gengið, að út um það megi hleypa reyk. Búnaði til að opna skal komið fyrir í hverjum stigapalli. Opnið skal ekki vera minna en 10% af heildarflatarmáli stigahúss þó aldrei minna en 1 ferm. Ef vafi leikur á því, hvað telja skuli til stigahúss í þessu sambandi, ákveður slökkviliðsstjóri, hversu stórt opið skuli vera.

Í kjallara og öðru húsrými neðanjarðar, sem eingöngu er notað til geymslu, skulu möguleikar vera á reyklosun (glugga á útvegg eða annars konar). Flatarmál slíks ops skal vera a. m. k. 0.5% af gólfleti. Ef um er að ræða annars konar notkun, fer um flatarmál ops eftir ákvörðun slökkviliðsstjóra.

8. gr.

75. gr. orðist svo:

Ef hús er sex hæðir eða meira, er nægilegt að hafa einn stiga, enda sé þá gengt í stiga um svalir, en ekki beint af göngum.

9. gr.

79. gr. orðist svo:

„Lofthæð íbúðarherbergis, sem gengið hefur verið frá að fullu, má að jafnaði ekki vera minni en 2.40 m.

Byggingarnefnd getur leyft að lofthæð fari allt ofan í 2.20 m, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í þak- eða kvistherbergjum má meðallofthæð vera 2.20 m, enda sé lofthæð 2.35 í a. m. k. þriðjungi herbergisins.“

10. gr.

Aftan við 86. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Þannig skal frá gufubaðstofu í heimahúsum gengið, að einangrun sé fullnægjandi gagnvart hita og raka, loftræsting sé nægileg og þannig frá dyrum gengið að auðvelt sé að komast út.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.